



## Fundargerð 13. stjórnarfundar AKÍS 2023-2024

**Staður og tími:** Zoom, þriðjudaginn 6. júní kl. 19:30

**Mættir aðalmenn:** Aðalsteinn Símonarson (AS), Halldór Jóhannsson (HJ), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMP), Sigurður Ingi Sigurðsson (SIS) .

**Mættir varamenn:** Kolbrún Vignisdóttir (KV) og Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR) .

**Fjarverandi:** Jón Þór Jónsson (JPJ) og Ari Halldór Hjaltason (AHH) aðalmenn, Linda Dögg Jóhannsdóttir (LDJ) varamaður.

AS ritaði fundargerð.

---

### 1. Starfsmaður

TMP lagði fram ráðningarsamning við Björgvin Jónsson sem hann og HJ hafa gert vegna starfsmanns fyrir AKÍS, þar sem ráðning yrði frá og með 7. júní til og með 30. nóvember. Nokkur umræða fór fram um innihald samningsins, svo sem lengd hans, laun og uppsagnarákvæði. Samningurinn var síðan borinn upp til atkvæða og samþykktur samhljóða.

### 2. Erindi varðandi rallycross

Erindi barst sambandinu 25. maí síðastliðinn þar sem foreldri þátttakanda í unglingaflokki í rallycrossi 21. maí kvartaði yfir hörku dómnefndar varðandi refsingar á brotum gagnvart "Parc Ferme" í lok keppni. Eftir talsverða umræðu var ákveðið að fela TMP að svara bréfitara á þann veg að ábyrgð á framkvæmd keppni liggja hjá keppnishaldara og dómnefnd, því geti stjórn ekki stigið inni og hlutast til um einstaka mál.

### 3. Námskeið

Rauntímahluti námskeiða, fyrir dómnefndarmenn annarsvegar og keppnisstjóra hins vegar, verður fimmtudaginn 8. júní. Sunnudaginn 11. júní verður samskonar námskeið á Akureyri í húsnæði BA.

### 4. Mótakerfið

TMP ræddi í síðustu viku við forritarann sem skrifaði mótakerfið og fór yfir ýmsa galla og villur sem vart hefur orðið við. Hefur forritarinn nú þegar lagfært eitthvað af því sem rætt var um og er að vinna í öðru. TMP hefur deilt aðgerðalista með stjórn svo aðilar geti bætt atriðum á listann ef þurfa þykir.

### 5. Fundur með MSÍ



TMP átti fund með Pétri Smárasyni framkvæmdastjóra MSÍ fyrir skemmstu þar sem sameiginleg hagsmunamál voru rædd.

**6. Önnur mál**

**Greiðslur AKÍ til aðildarfélaga** - Gengið verður frá greiðslu á útistandandi þáttökugjöldum til aðildarfélaga fyrir lok þessarar viku.

Fleira ekki gert.

Næsti fundur verður haldinn á Zoom, þriðjudaginn 20. júní kl. 19:30.

Fundi slitið kl. 20.37